

# Helstu atriði í valfrjálssu tilboði – Uppfært 21.3.2024

## Yfirlit næstu skrefa

- Stjórn Regins tekur ákvörðun um valfrjálst yfirtökutilboð í Eik í kjölfar markaðspreifinga
- Tilboðsyfirlit birt innan fjögurra vikna að fengnu samþykki frá FME og að fenginni samþykkt hluthafafundar Regins um hækkun hlutfjár tengt tilboðinu
- Gildistíma tilboðsins hefur verið framlengt til klukkan 13:00 þann 21. maí 2024
- Eftir að gildistími tilboðsins rennur út:
  - Tilkynnt um niðurstöðu innan þriggja viðskiptadaga
  - Afhending og greiðsla mun fara fram innan fimm viðskiptadaga

<b>Félagið</b>	Tilboðið nær til hluta í Eik fasteignafélagi hf., kt. 590902-3730, Sóltúni 26, 105 Reykjavík
<b>Tilboðsgjafi</b>	Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi
<b>Tilboðshafar</b>	Tilboðið tekur til allra hluta í Eik sem ekki eru þegar í eigu Eikar
<b>Tilboðsverð</b>	Með hliðsjón af dagslokagengi hlutabréfa í tilboðsgjafa og Eik þann 12. september síðastliðinn er miðað við að skiptihlutfallið samkvæmt hinu breytta tilboði sé þannig að hlutfall hluthafa Eikar sé 48% en hluthafa Regins 52%
<b>Skilyrði tilboðs</b>	Tilboðið er meðal annars háð eftirfarandi skilyrðum en tilboðsgjafi áskilur sér þó rétt til að falla frá því fyrra án skýringar: <ol style="list-style-type: none"><li>1) Að Samkeppniseftirlitið geri ekki athugasemd við kaupin eða setji þeim skorður sem tilboðsgjafi getur ekki sætt sig við</li><li>2) Að handhafar að lágmarki 75% atkvæðaréttar Eikar samþykki tilboðið</li></ol>
<b>Gildistími tilboðs</b>	Gildir til klukkan 13:00 þann 21. maí 2024
<b>Fjármögnun tilboðsins</b>	Viðskiptin eru fjármögnuð með útgáfu á nýjum hlutum í Reginn hf. að fengnu samþykki hluthafafundar Regins fyrir útgáfu nýrra hluta vegna yfirtökutilboðsins
<b>Afhending og greiðsla</b>	Greiðslur fyrir hluti þeirra sem samþykkja tilboðið verða greiddar með nýjum útgefnum hlutum í Reginn hf.